

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 22. mars 2006.

Efni: Frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit (556. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem ætlað er að skerpa á valdheimildum Fjármálaeftirlitsins.

Rétt er að byrja á því að fagna því að eytt sé þeirri réttaróvissu sem uppi hefur verið um valdheimildir Fjármálaeftirlitsins. Rétt er hinsvegar að hvetja löggjafann til að sýna varkárni þegar kemur að því að auka við valdheimildir opinberra eftirlitsaðila á borð við Fjármálaeftirlitið. Allt opinbert eftirlit er í eðli sínu íþyngjandi og því er mikilvægt að valdheimildir eftirlitsaðila séu ekki auknar nema fullvíst sé að þörf sé á því. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að kanna hvort markmið eftirlitsins sé málefnalegt. Í öðru lagi ber að sýna fram á að ekki sé hægt að ná markmiðinu með öðrum og vægari hætti.

Viðskiptaráð gerir á þessu stigi ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en hvetur þess í stað til almennra hófsemi við setningu.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson